

6. apríl 2021




Stefnumörkun í lífeyrismálum

| **Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Efnisyfirlit

1. Meginefni frumvarps til laga vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign
2. Hækkun lífeyristökualdurs?
3. Helstu viðfangsefni heildarendurskoðunar
4. Ítarefni



1. hluti

- Meginefni frumvarps til laga vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign



Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga

Í frumvarpinu er tekið á eftirfarandi atriðum úr yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga vorið 2019:

- Lögfesting 15,5% lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða.
- Lögfesting ákvæða um tilgreinda séreign þannig að allt að 3,5% iðgjalds geti farið til öflunar tilgreindrar séreignar.
- Heimild til ráðstöfunar tilgreindrar séreignar til húsnæðiskaupa eða til lækkunar húsnæðislána.



Meginefni frumvarpsins (1/2)

1. Til að jafna ávinnslu lífeyrisréttinda á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs hækkað úr 12% í 15,5%. Mótframlag launagreiðanda verður 11,5% og iðgjald launþega helst óbreytt, 4%. Þessi hækkun leiðir til þess að meðalávinnsluhlutfall í samtryggingardeild fer úr 1,4% í 1,8% eða úr 56% í 72% miðað við 40 ára inngreiðslutíma
2. Heimilt verður að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign. Ef sjóðfélagi ráðstafar 3,5% af lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign leiðir það til lækkunar á meðalávinnsluhlutfalli í samtryggingardeild, sbr. punkt 1.




Meginefni frumvarpsins (2/2)

3. Heimilt verður að ráðstafa tilgreindri séreign til kaupa á fyrstu íbúð án skattlagningar, háð fjárhæðar- og tímatakmarkunum.
4. Einstaklingi sem ekki hefur verið eigandi að íbúðarhúsnæði samfelld í fimm ár verður heimilt að nýta sér úrræði laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð.
5. Kveðið er á um breytt samspil lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum og greiðslna úr almannatryggingakerfinu þannig að séreign (bæði bundin og frjáls) kemur til skerðingar á greiðslum frá almannatryggingum.

Þrjár stoðir lífeyriskerfisins


Samtryggingin er meginstoð lífeyriskerfisins
Lífeyrisgreiðslur úr hverri stoð árið 2019 í mö.kr.



1. Almannatryggingar
 - Fjármagnaðar með tekjum ríkissjóðs
 - Tryggja eftirlaunaþegum lágmarkslífeyri
2. Samtryggingarsjóðir
 - 4% iðgjald launþega
 - 8% mótframlag atvinnurekenda hækkar í 11,5%
 - Markmið um ævilangan lífeyri fer úr 56% af meðalævitekjum í 72%
3. Viðbótarlífeyrissparnaður
 - Allt að 4% framlag launþega og 2% mótframlag launagreiðanda
 - Séreign launþega
 - Erfist og laus við 60 ára aldur

Mismunandi útfærslur lífeyrissjóða á samtryggingu m.v. 15,5% iðgjald (fyrir breytingar á almannatryggingakerfinu)

Lífeyrir á mánuði m.v. mismunandi útfærslu á 15,5% iðgjaldi



Miðað við einstakling sem hefur engar aðrar tekjur og 1 m.kr. í iðgjaldsstofn í 40 ár



Samspil almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum

Aðallega sjóðir með frjálsa aðild, fyrir breytingu	Aðallega sjóðir með frjálsa aðild, eftir breytingu
<p>12%<</p> <p>Bundin séreign } Skerðir ekki Frjáls séreign } Samtrygging } Skerðir</p> <p>4%+2% Viðbótar- lífeyrissp. } Skerðir ekki greiðslur almanna-trygginga</p>	<p>15,5%<</p> <p>Tilgreind séreign } Skerðir ekki Bundin séreign } Skerðir greiðslur almanna-trygginga Frjáls séreign } Samtrygging } Skerðir</p> <p>4%+2% Viðbótar- lífeyrissp. } Skerðir ekki greiðslur almanna-trygginga</p>
Almennir sjóðir, fyrir breytingu	Almennir sjóðir, eftir breytingu
<p>12%<</p> <p>Samtrygging } Skerðir greiðslur almanna-trygginga</p> <p>4%+2% Viðbótar- lífeyrissp. } Skerðir ekki greiðslur almanna-trygginga</p>	<p>15,5%<</p> <p>Tilgreind séreign } Skerðir ekki Samtrygging } Skerðir greiðslur almanna-trygginga</p> <p>4%+2% Viðbótar- lífeyrissp. } Skerðir ekki greiðslur almanna-trygginga</p>



2. hluti

Hækkun lífeyristökualdurs



Hækkun lífeyristökualdurs

Af hverju?

Bregðast við þeim áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir vegna hækkaðs hlutfalls eldri borgara af mannfjölda og lengingar meðalævinnar.

Hvernig?

Að lífeyristökualdur hækki í áföngum í 70 ár á tilteknu árabili, **EÐA** að tekinn verði upp breytilegur lífeyristökualdur eftir ætlaðri meðalævilengd hvers árgangs.

Samspil almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfis

Tryggja þarf að lágmarkslífeyristökualdur verði hinn sami í báðum lífeyrisréttindakerfunum



Tillaga tryggingastærðfræðinga

Félaga tryggingastærðfræðinga hefur unnið að tillögu að útfærslu á hækkun lífeyristökualdurs.

Meta þarf kosti og galla mögulegra leiða við hækkun lífeyristökualdur og ná samstöðu um þá leið sem farin verður með heildarsamtökum á vinnumarkaði.



3. hluti

Helstu viðfangsefni heildarendurskoðunar



Markmið heildarendurskoðunar

Markmið heildarendurskoðunar lífeyrissjóðakerfisins er að treysta grundvöll lífeyrissjóðakerfisins þannig að allir landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda og að lífeyriskerfi íslensks vinnumarkaðar sé samræmt og sjálfbært til framtíðar.

Stefnt er að því að leiða fram framtíðarsýn fyrir íslenskt lífeyrissjóðakerfi sem stuðlar að trausti og gagnsæi, m.a. um samspil þess og almannatryggingakerfisins. Greina þarf leiðir til að ná fram frekari sjálfbærni lífeyriskerfisins, hvert skuli vera hlutverk og umfang sjóðanna í efnahagslífinu og greiðslujöfnuði til langs tíma.



Helstu viðfangsefni starfshóps

- Hvernig á að haga skylduaðild að lífeyrissjóðum?
- Hvað felst í skyldutryggingu og samspili hennar við annars vegar almannatryggingakerfið og hins vegar samninga um valfrjálsan séreignasparnað?
- Hvernig á að haga skattlagningu lífeyris?
- Á að auka sveigjanlega í nýtingu eða töku lífeyris?
- Hvaða tryggingafræðilegu forsendum skal byggt á?
- Hver eiga að vera almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða?
- Hverjar eiga að vera heimildir þeirra til fjárfestinga?
- Hvernig á að haga eftirliti með starfsemi lífeyrissjóða?
- Að auki verði fjallað um þætti á borð við sjálfbærni lífeyriskerfisins, hlutverk og umfang sjóðanna í efnahagslífinu og greiðslujöfnuði til langs tíma o.fl.

6. apríl 2021



Ítarefni

| **Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Orðskýringar

Samtrygging er sá hluti lífeyrissparnaðar sem fer í samtryggingardeild lífeyrissjóðs. Hún erfist ekki og ekki er hægt að flytja hana á milli lífeyrissjóða. Samtrygging tryggir ævilangan ellilífeyri sem og maka-, örorku- og barnalífeyri.

Viðbótarlífeyrissparnaður (VLS) er lífeyrissparnaður umfram skyldusparnað. Launþegar geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í VLS og mótframlag launagreiðenda er allt að 2%. VLS erfist, hefja má úttekt 60 ára og lífeyrisþegi getur dreift lífeyri yfir tímabil eða tekið hann út í eingreiðslu.

Tilgreind séreign. Með kjarasamningum í janúar 2016 hækkaði framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði um 3,5 prósentur. Sjóðfélagar hafa val um að setja hið aukna framlag að hluta eða heild í **tilgreinda séreign**. **Tilgreind séreign** erfist, hefja má úttekt 62 ára að aldri í dreifðum greiðslum til fimm ára. Í frumvarpinu er lagt til að við ákveðin skilyrði megi ráðstafa henni til kaupa á fyrstu fasteign.



Orðskýringar

Bundin og frjáls séreign er séreign sem aðallega lífeyrissjóðirnir með frjálsa aðild bjóða sjóðfélögum sínum upp á. Séreignin myndast af lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóðs (kjarasamningsbundið iðgjald til lífeyrissjóðs getur verið hærra en lögbundið lágmarksiðgjald). **Frjáls séreign** (sjóðfélagi velur vörsluaðila) er almennt laus til útborgunar í eingreiðslu frá 60 ára aldri. **Bundin séreign** (ávöxtuð hjá lífeyrissjóðnum) er greidd út með jöfnum greiðslum yfirleitt frá sjötugu til áttæðs eða allt þar til sjóðfélagi fær greitt úr samtryggingahluta lífeyrissjóðsins (80-85 ára). Hvorug séreignin leiðir til skerðingar á lífeyri frá almannatryggingum og því fá sjóðfélagar óskertar ellilífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum, allt þar til greiðslur úr samtryggingu hefjast.



Ójafnræði í uppbyggingu réttinda

Lífeyrissjóðakerfið byggist á þeirri hugmyndafræði að nýttir séu sameiginlegir sjóðir til greiðslu á lífeyri til sjóðfélaga á efri árum sem og að tryggja lífeyri til sjóðfélaga sem verða fyrir áföllum vegna slysa eða sjúkdóma, þ.e. á samtryggingu. Aðild að samtryggingarsjóði er því forsenda þess að unnt sé að dreifa áhættunni jafnt á milli sjóðfélaga.

Lífeyrissjóði er heimilt í gildandi lögum að ákveða skiptingu iðgjalds í samtryggingardeild og hluta í séreign. Ef t.d. er miðað við að taka lífeyris úr samtryggingardeild sé seinkað t.d. til 85 ára aldurs, hækkar sá hluti sem hægt er að ráðstafa til uppbyggingar séreignarréttinda. Um þriðjungur lífeyrissjóða nýta þessa heimild.

Færi það svo að allir lífeyrissjóðir myndu í auknum mæli bjóða sjóðfélögum sínum framangreinda útfærslu er grafið undan þeim grunnhugmyndum og gildum sem samtryggingarkerfinu er ætlað að standa fyrir.




Áhrif ójafnræðis í lífeyriskerfinu

Samspil almannatrygginga og séreignarsparnaðar

- Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsparnaði, sem telst hluti af skyldubundnu iðgjaldi, hafa frá árinu 2009 ekki skert greiðslur almannatrygginga. Sjóðfélagar sem fá greiðslur úr séreignarsjóðum hafa því einnig notið óskertra lífeyristekna frá almannatryggingum.
- Slík ráðstöfun eykur útgjöld almannatrygginga, sem fjármagnaðar eru með sköttum og tryggingargjöldum. Hún leiðir til tekjuójafnaðar og vinnur gegn markmiðum um tryggingarvernd. Jafnframt myndar hluti sjóðfélaga erfanlega eign, sem ekki er mögulegt ef öll iðgjöld renna til uppbyggingar réttinda í samtryggingardeild. Í því felst þá mismunun á milli erfingja.


Mismunandi útfærslur lífeyrissjóða á samtryggingu miðað við 12% iðgjald

Stílfært dæmi um skiptingu lágmarksiðgjalds þriggja lífeyrissjóða





Samspil stoða 1 og 2



Einstaklingur sem hefur engar tekjur úr samtryggingarsjóði hefur 321 þús. kr. í tekjur frá almannatryggingum

Eftir að tekjur úr samtryggingarsjóði ná 25 þús. kr. þá lækka tekjur frá almannatryggingum um u.þ.b. 5.700 kr. fyrir hverjar 10 þús. kr. í viðbótartekjur